

**Sp.**

**936. Þingsályktun**

[149. mál]

um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu.

(Afgreidd frá Sp. 6. maí.)

Alþingi ályktar með vísun til 2. gr. laga nr. 60/1981 um raforkuver að:

1. Blönduvirkjun verði næsta meiri háttar vatnsaflsvirkjun. Miðlun umfram 200 GI verði ekki aukin fyrr en nauðsyn ber til vegna raforkukerfisins. Verði ágreiningur um aukna miðlun skal honum skotið til Alþingis, að fenginni tillögu ríkisstjórnar.
2. Fljótsdalsvirkjun og síðar Sultartangavirkjun verði næstu meiri háttar vatnsaflsvirkjanir á eftir Blönduvirkjun. Eftir því sem orkupörf gefur tilefni til skarist annars vegar Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun og hins vegar Fljótsdalsvirkjun og Sultartangavirkjun.
3. Samhliða næstu meiri háttar vatnsaflsvirkjunum verði unnið að orkuöflunarframkvæmdum á Þjórsár/Tungnaárvæðinu, með Kvíslaveitum, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og gerð Sultartangastíflu. Búrfellsvirkjun verði stækkuð þannig að núverandi afkastageta vatnsaflsvirkjana á þessu svæði geti aukist um allt að 950 GWst. á ári.